



Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

Netkönnun 4

Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Markmið: Kanna hug hönnuða og arkitekta til [HönnunarMars 2013](#)

Framkvæmd: [Apríl 2013](#)


Þátttakendur: Könnunin var send á **1010** hönnuði og arkitekta sem eru í félögunum níu* sem eiga Hönnunarmiðstöð Íslands

Svör: 178

* Arkitektafélag Íslands, Félag húsgagna og innanhússarkitekta, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Félag vöru- og iðnhönnuða, Leirlistafélag Íslands, Fatahönnunarfélag Íslands, Textílfélagið, Félag íslenskra gullsmiða og Félag íslenskra teignara.

Q1 Hvaða fagfélagi tilheyrir þú?


Answered: 173 Skipped: 5



Answer Choices	Responses	Count
Arkitektafélag Íslands	16.18%	28
Fatahönnunarfélag Íslands	9.83%	17
Félag húsgagna- og innanhússarkitekta	5.20%	9
Félag íslenskra gullsmiða	10.98%	19
Félag íslenskra landslagsarkitekta	3.47%	6
Félag íslenskra teiknara	16.76%	29
Félag vöru- og iðnhönnuða	20.23%	35
Leirlistafélag Íslands	5.78%	10
Textílfélagið	2.89%	5
Ekki í einu af fagfélögum Hönnunarmiðstöðvar	8.67%	15
Total		173

Q2 Starfar þú við hönnun/arkitektúr?


Answered: 172 Skipped: 6



Answer Choices	Responses	
Ég starfa sjálfstætt (freelance)	41.86%	72
Rek smærra fyrirtæki (2-6 starfsmenn)	21.51%	37
Rek stærra fyrirtæki (6 eða fleiri starfsmenn)	5.23%	9
Ég er í starfi hjá smærra fyrirtæki (2-6 starfsmenn)	6.40%	11
Ég er í starfi hjá stærra fyrirtæki (6 eða fleiri starfsmenn)	15.12%	26
Aðalstarf utan hönnunargeirans en starfa að hönnun í frítíma	5.23%	9
Ekki virk(ur) innan hönnunargeirans	4.65%	8
Total		172

Q3 Hvert er starfshlutfall þitt sem hönnuður/arkitekt?

Answered: 174 Skipped: 4




Answer Choices	Responses
100 %.	57.47% 100
75 %	8.05% 14
50 %	16.09% 28
25 %	10.92% 19
0 %	7.47% 13
Total	174

Hönnunarmars 2013

Q4 Kyn?


Answered: 169 Skipped: 9



Answer Choices	Responses
Karl	30.77% 52
Kona	69.23% 117
Total	169

Q5 Aldur?

Answered: 172 Skipped: 6




Answer Choices	Responses
18-30	19.19% 33
31-45	38.95% 67
46-60	31.40% 54
61-yfir	10.47% 18
Total	172

Hönnunarmars 2013

Q6 Búseta?

Answered: 173 Skipped: 5




Answer Choices	Responses
Höfuðborgarsvæðið	89.02% 154
Landsbyggðin	6.94% 12
Erlendis	4.05% 7
Total	173

HönnunarMars 2013

Q7 Hefur þú skipulagt eða tekið þátt í viðburði með eigin hönnun á HönnunarMars? Ef já merktu við þau ár sem þú hefur tekið þátt?

Answered: 167 Skipped: 11




Answer Choices	Responses	
2013	44.91%	75
2012	35.93%	60
2011	34.13%	57
2010	26.95%	45
2009	14.37%	24
Hef aldrei tekið þátt	35.33%	59
Total Respondents: 167		

HönnunarMars 2013

Q8 Þátttaka í HönnunarMars hefur skilað mér árangri.

Answered: 149 Skipped: 29




Answer Choices	Responses	
Mjög sammála	16.78%	25
Frekar sammála	33.56%	50
Hvorki né	42.28%	63
Frekar ósammála	6.04%	9
Mjög ósammála	1.34%	2
Total		149

HönnunarMars 2013

Q9 HönnunarMars hefur styrkt tengslanet mitt.

Answered: 155 Skipped: 23




Answer Choices	Responses
Mjög sammála	18.06% 28
Frekar sammála	41.94% 65
Hvorki né	34.19% 53
Frekar ósammála	5.81% 9
Mjög ósammála	0.00% 0
Total	155

HönnunarMars 2013

Q10 Sóttir þú einhverja viðburði á HönnunarMars í ár? (aðra en þína eigin)

Answered: 168 Skipped: 10




Answer Choices	Responses	
Já	85.12%	143
Nei	14.88%	25
Total		168

HönnunarMars 2013

Q11 Hversu mörgum klukkustundum varðir þú í að skoða viðburði á HönnunarMars?

Answered: 167 Skipped: 11




Answer Choices	Responses	
0-1 klst.	14.37%	24
1-2 klst.	13.17%	22
2-4 klst.	27.54%	46
4-8 klst.	26.35%	44
Meira en 8 klst.	18.56%	31
Total		167

HönnunarMars 2013

Q12 Hvernig fannst þér HönnunarMars 2013 takast til, á heildina litið?


Answered: 158 Skipped: 20



Answer Choices	Responses
Mjög vel	23.42% 37
Frekar vel	53.16% 84
Hvorki né	19.62% 31
Frekar illa	3.16% 5
Mjög illa	0.63% 1
Total	158

Q13 Fórst þú á Um sköpunarkraftinn, fyrirlestradag Hönnunarmiðstöðvar í Þjóðleikhúsinu?


Answered: 160 Skipped: 18



Answer Choices	Responses
Já og fannst hann takast mjög vel	8.75% 14
Já og fannst hann takast vel	19.38% 31
Já og líkaði ekki við dagskrána	11.25% 18
Nei en hefði viljað fara	49.38% 79
Nei, dagskráin höfðaði ekki til mín	11.25% 18
Total	160

Q14 Samanborið við HönnunarMars 2012, fannst þér HönnunarMars í ár fá meiri eða minni umfjöllun og athygli fjölmiðla hérlandis?

Answered: 158 Skipped: 20




Answer Choices	Responses
Já, mun meiri	5.06% 8
Já, meiri	27.22% 43
Hvorki né	56.96% 90
Nei, minni	10.76% 17
Nei, mun minni	0.00% 0
Total	158

HönnunarMars 2013

Q15 Samanborið við HönnunarMars 2012, hvernig fannst þér dagskránni miðlað?


Answered: 156 Skipped: 22



Answer Choices	Responses
Mun betur	4.49% 7
Betur	28.85% 45
Svipað	55.13% 86
Verr	11.54% 18
Mun verr	0.00% 0
Total	156

Q16 Hverja af eftirtöldum miðlum nýttir þú þér til að skoða dagskrána? (Hakið við alla sem við eiga.)


Answered: 159 Skipped: 19



Answer Choices	Responses
Prentaða dagskrárbæklinginn	60.38% 96
Heimasíðuna www.honnunarmars.is	61.01% 97
HönnunarMars-appið	25.79% 41
Sérblað Reykjavík Grapevine	25.79% 41
Sérblað Morgunblaðsins	25.16% 40
Samfélagsmiðla	29.56% 47
Total Respondents: 159	

Q17 Hefur þú heyrt um kynningarfundina Hönnuðir hittast?


Answered: 161 Skipped: 17



Answer Choices	Responses
Já	75.16% 121
Nei	24.84% 40
Total	161

Q18 Hefur þú mætt á Hönnuðir hittast?

Answered: 161 Skipped: 17




Answer Choices	Responses
Já	28.57% 46
Nei	71.43% 115
Total	161

HönnunarMars 2013

Q19 Ertu ánægð/ur með þessa opnu undirbúningsfundi fyrir HönnunarMars?


Answered: 149 Skipped: 29



Answer Choices	Responses	
Mjög ánægð/ur	25.50%	38
Frekar ánægð/ur	19.46%	29
Hvorki né	54.36%	81
Frekar óánægð/ur	0.67%	1
Mjög óánægð/ur	0.00%	0
Total		149

Q20 Hefðir þú áhuga á að taka virkari þátt í mótun og framkvæmd HönnunarMars með Hönnunarmiðstöðinni, m.a. með því að:

Answered: 147 Skipped: 31



Q21 Hvernig mætti bæta Hönnunarmars að þínu mati?

Answered: 65 Skipped: 113

Virðist eins og það skorti svolítið einhvern vettvang fyrir gagnrýna nálgun eða umræðu á Hönnunarmars (Kannski er það tilefni í aðra hátíð). Séð úr fjarlægð er þínulítið eins og allir sem vilji geti tekið þátt, með mjög misáhugaverðum verkefnum. Minna glingur, meiri tilraunir og róttækni!

fá flotta erlenda hönnuði til að taka þátt, bætir við smá kikki.

Það er mesta áherslan á hönnun fatnaðar og smáhluta allir stærri hlutir fá minni athygli - ég var með hönnun sem getur nýst úti við bæði fyrir einkaaðila og fyrirtæki en það var enginn vettvangur fyrir það og lítill áhugi fyrir svona iðnaðar hönnun

Skipta út verkefnastjóra Hönnunarmars.

Mætti standa yfir í fleiri daga

Að taka þátt í Hönnunarmars var lærdómsrík. Maður þarf að upplífa það til að bæta það fyrir sjálfan sig. Undirbúningur var mjög góð, þannig það er reynt hvers manns sem skipti máli.

Bæta og hækka standard á sýningu vöru og iðnhönnuða

lengja tímabilið

Halda tvíæring í viku, yfir tvær helgar. Það er vont fyrir landsbyggðafólk og fólk í vaktavinnu að heimsækja atburð sem stendur yfir í stuttum tíma. Þá tel ég árlegur viðburður of mikið fyrir tiltölulega litinn hóp hönnuða, að halda tvíæring gæti verið farsælla.

Færri en vandaðri verk og atburðir. Það er eins og að tekið sé á móti öllu.

Hönnunarmars á að snúast um nýjungar og framúrskarandi hönnun, varast endurtekningar ár eftir ár.

dagskráin á vefnum var mjög ruglingsleg, vantaði nákvæmari staðsetningu, gat ekki notað vefinn þess vegna

Hafa betra eftirlit með að ekki sé verið að sýna sömu hlutina ár eftir ár og þeir sem taka þátt verði allir að hafa opið á einhverjum ákveðnum tíma. Heyrði kvartað þar sem ég var að vinna að það væri lokað á Laugaveginum um helgina hjá þeim sem auglýstu sig á Hönnunarmars.

Láta jafnt yfir alla ganga, ekki hafa alltaf sama fólkið í prófíl.

hef ekki leitt hugann að því.

Passa að stórir viðburðir séu ennþá í gangi á sunnudegi.

Minnka úrvalið, velja þáttakendur. Fækka stöðunum. Of flókin dagskrá, of mikið um endurtekningar og erfitt

HönnunarMars 2013

að komast à marga staði nema maður hafi þeim mun meiri tíma.

Það mætti flytja inn blaðamenn sem sérhæfa sig í umfjöllun einungis fyrir fatahönnun.

Vanta fleirri atrið frá arkitektum , eins og sýning af byggingum , skipulagi eða annað tengt því.

Passa upp á að vera ekki með allt of mikið í boði þannig að gestir ná ekki utan um það sem boðið er upp á í Hönnunarmars. Muna að LESS IS MORE ;o)

Sérstakur viðburður á öðrum tíma helgaður arkitektúr, landslagsarkitektúr og innanhúss- og húsgagnarkitektúr

Fá fleiri “buyers” á viðburðinn frá stórum sem smáum búðum utan úr heimi.

Fleiri dagar. Dagskráin er helst til of þétt.

Hafa hönnunar workshop fyrir áhugasama

Meira áfengi takk.

Kynna dagsskrá með meiri fyrirvara. Hvetja fólk til að láta sýningar/viðburði standa lengur.

Lengja viðburðinn uppí viku

Gera meiri kröfur þegar verk eru valin inn á sýninguna, of mikið af ókláruðum verkefnum og handverki... væri líka gaman ef hægt væri að sýna þeim sem eru ekki starfandi í hönnun hvernig ferlið er á bak við hönnun, frá hugmynd til þróunar og framleiðslu.

Leturhönnun og teiknigu á ipad

Að mínu mati finnst mér þessi viðburður ekki eins stór og Íslendingar vilja halda. Það er dreift viðburðum á of stórt svæði yfir borgina með fáum viðburðum. Einnig finnst mér mikið vera gefa þekktum/vinsælum hönnuðum hátt undir höfði með ýmisskonar greiðum. Það sem væri skemmtilegra að sjá er að veitingastaðir og verslanir í bænum mættu vera virkari og gera meira fyrir þennan viðburð.

Ég ásamt fleiri af mínum vinkonum hefðum viljað fara í opnunina í Þjóðleikhúsinu. Fannst það of dýrt. Spurninga að hafa það á öðrum stað og ódýrara.næsta ár, svo fleiri gætu farið.

Það mætti gjarnan beita meiri jöfnuði við umfjöllun Hönnunarmiðstöðvar um þáttakendur. Félagar og verk Félags húsgagna- og innanhússarkitekta eru sniðgengin, þetta þarf að bæta því framlag FHI til hönnunar er mikið.

Að atburðir séu sýndir þegar þeir eru tilkynntir í blöðum og þeim miðlum sem Hönnunarmiðstöð notar. Það var ekki raunin. T.d. Kex gekk engan veginn.

Aðstoða hönnuði með framhaldið, þróun vöru. Síðan taki við markaðssetning erlendis??

Stærri sýningar, safna viðburðum/efni betur saman. Ekki hafa smásýningar/kynningar út um allt.

Hönnunarmars 2013

Live creation evening event: / designers problem solving a brief with sketches in 10 min. + bar and music ;) (fun and games)

Að kynna betur fyrir smærri aðilim, ss. verslunum, hvernig staðið skuli að þessu, boða þá td. á fund, svo að allir hlutaðeigandi fái upplýsingar um mikilvægi nokkurra þátta. Kannski að skipta kynningu meira niður, td. kynna stóru staðina saman, og fjalla um litlu staðina saman, Ekki allt í einni bendu, því mér fannst minni sýningarstaðir tynast. Umfjöllun var meira og minna alltaf sú sama og um sömu hönnunina. Mjög einsleit, bæði í erlendum sem innlendum miðlum.

Aðgengilegri dagskrá á netinu

Hafa færri viðburði og vandaððri. Fækka hönnuðum og minnka fjölda gripa/verkefna. meiri ritskoðun.

Miðlægari grunn fyrir sýningarnar og aðgengilegri dagskrá á heimasíðu hönnunarmars mundi bæta heilmikið meira af kynningu á ísl. arkitektúr

Theatre stage/costume design

Lengja hann.

Skipuleggja þyrfti betur fjölmiðlaumfjöllun, að allar sýningar fengu allavega eina myndatöku. Einstaklingssýningar utan samsýninganna fengu enga athygli.

Meiri umfjöllun fjölmiðla hérlendis

Virkja fjölmiðla betur (skapandi greinar mættu fá álíka athygli og t.d. íþróttir). Efla samstarf. Það þarf að hvetja hönnuði (þeir eru oftast einyrkjar og lélegir í að koma sér á framfæri)

Að sýningar aðilar hafi opið á auglýstum opnunartíma.

Það ert einna helst að létta undir með að finna húsnæði. Það fer alltaf af stað óþægilegt panik þegar kemur að því að finna stað og frestar oft ákvörðun varðandi þátttöku. Hvernig má flyta þessu ferli? Á ekki svör við því en þættti gaman að vinna markvisst að því að td. samsýningar eigi aðgang að sama húsnæði ár eftir ár ef það er möguleiki svona eins og tíðkast annars staðar í heiminum.

fleiri samsýningar líkt og í hörpu, eða einfaldlega stærri sýningar. brimhúsið í fyrra tæklaði það líka vel. maður nennir lítið að fara á alla þessa litlu viðburði, þeir eru eiginlega of margir, þannig þeir tynast margir hverjir.

Appið þarf að vera skilvirkara. Fleiri fyrirlestra og kannski einhver workshop/vinnustofur. Eins mætti vera einhver hönnunarbar þar sem allir geta hist.

Halda kynningarfundina á Bergsson eftir 6 svo fleiri geti mætt á þá.

1) Hefði einnig viljað sjá meiri umfjöllun um arkitektúr bæði í fjölmiðlum og á fyrirlestrardagskránni. 2) Annars finnst í heildina á litið að „marsinn“ sé að verða betri og betri:)

Minnka hann

HönnunarMars 2013

Samræma opnunartíma.

veit ekki

Mér finnst hönnunarverslanirnar sem eru að berjast við að halda sér á floti hér allt árið gleymast. Þar er fólk að hanna og selja hönnun allt árið en ekki bara (sem dæmi) eitt hálsmen eða einn púða sem síðan fær umfjöllun vegna þess að það heiti sýning???

Hönnunarmars styrkist með hverju árinu. Og auðvitað er það alltaf peningaspursmál hvort hægt sé að bæta úr. En ég held að það væri gott að fá fleiri erl blaðamenn hingað til frekari landkynningar fyrir okkur og íslenska hönnun.

Dagskrá þyrfti að vera ljós miklu fyrr, viku fyrir viðburð er ekki viðundandi þegar verið er að fá fólk til landsins og utan af landi...maður fær á tilfinninguna að viðburðirnir séu einkamál einhvers ákveðins hóps og það fællir fólk frá! Að sama skapi fannst mér dagskrárþæklingur hvergi vera sjáanlegur, samanborið við 2012 þá mátti rekast á þæklinginn víða!

hönnun og hönnu eins og hún birtist á Marsinum er svo ólík og höfðar ekki til mín nema að hluta - mætti vera fókusaðri á afmarkaða þætti hönnunar - ekki allt í einum graut.

Þetta eru margir viðburðir, og það mætti stíla meira inn á að sem flestir væru opnir alla dagana. Tók eftir nokkrum viðburðum sem ekki voru opnir á sunnudeginum sem mér finnst synd, því sunnudagurinn dettur þá út og það er engin ástæða til annars en nýta vel þennan stutta tíma sem Hönnunarmars stendur.

Skil ekki, og mun aldrei skilja hvernig stendur á því að hönnuðum er gert svona mishátt undir höfði. Þið eruð í eigu nokkura félaga samt hefur það gersta allavega 2012 og 2013 að ákveðnum hönnuðum er gert miklu, miklu hærra undir höfði heldur en öðrum. Þið sem stýrið hönnunarmars hafið gert kraftaverk í því að kynna íslenska hönnun, en það er algjörlega óásættanlegt að hönnuðum sé mismunað í efni sem gert er fyrir hátíðina. Mér sjálfum finnst þetta bara mjög leiðinlegt að þið skuluð gera þetta. Sumir fá 1 litla mynd og örlítinn texta en aðrir fá opnu eða heilsíðu undir sitt með fullt af myndum. Eitt er ef fólk þarf að borga mismikið fyrir birtingu á sýnu efni en annað er ef allir borga sama þá á að gefa hverjum og einum annað hvort heila/hálfa/1/4 síðu til að vinna með. Þannig að allir fái sama séns. Ég veit að auðvitað er politík í þessu hjá ykkur eins og annarstaðar, en ég verð að segja ykkur, ég er kominn með ógeð á politík. Foreldrar ykkar (þið sem standið að þessu) kenndu ykkur örugglega að skipta hlutunum rétt og sanngjarnt. Þið gerið það hinsvegar ekki. Ekki miskilja mig, þið hafið gert mjög góða hluti en þið gerðuð þetta t.d. í fyrra þegar félag vöru og iðhönnuða voru með sýningu í Brimshúsi, þar voru að mig minnir 26 hönnuðir og fengu þeir að mig minnir 1 opnu. Síðan flettir maður áfram þá er fatahönnuður með heila opnu fyrir sig. Mér skildist að formaður félagsins hafi ætlað að kvarta yfir þessu óréttlæti en sennilega hefur það aldrei komist til skila því þið gerðuð þetta nákvæmlega eins í ár. Þetta álika við um netmiðlana ykkar, bloggið og svo framvegis. Þar er sýnt frá ákveðnum aðilum en ekki farið vítt og breitt. Ef þessu verður ekki breitt þá mun ég ekki taka þátt á næsta ári einfaldlega vegna þess að þetta er ekki sanngjarnt. Ennig finnst mér eðlilegt að þáttakendum sé gert kleift að "proof" lesa yfir það sem prentað.


Væri hugmynd að vera með hönnunarMars annað hvert ár þá fá hönnuðir meiri tíma til að þróa nýja vöru.

Held að það væri best að hafa eitt miðlægt húsnæði þar sem margir atburðir væru á sama stað. Heyrði frá mörgum að þeim þætti dagskráin of dreifð og að það vantaði einn sterkan fókuspkt.

HönnunarMars 2013

Q22 Hefur þú áhuga á að taka þátt í HönnunarMars á næsta ári með eigin hönnun?


Answered: 151 Skipped: 27



Answer Choices	Responses
Já	58.94% 89
Nei	7.95% 12
Veit ekki	33.11% 50
Total	151

Q23 Hvað kæmi helst í veg fyrir þátttöku þína á HönnunarMars 2014? Nefna má fleiri en eina ástæðu.

Answered: 91 Skipped: 87



Answer Choices	Responses
HönnunarMars hentar mér ekki	12.09% 11
Kostnaður við að sýna er of mikill	41.76% 38
Hef ekki á trú á þessum viðburði	3.30% 3
Hef ekkert að sýna	31.87% 29
Verð ekki á landinu á næsta ári	20.88% 19
Umstangið er ekki þess virði	15.38% 14
Total Respondents: 91	